

AUGLÝSING

um óverulega breytingu deiliskipulags íbúðarlóða í landi Ytri-Hólms I, Býla 1, 3 og 5, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 15. desember 2014 óverulega breytingu deiliskipulags íbúðarlóða í landi Ytri-Hólms I, Býla 1, 3 og 5.

Óveruleg breyting deiliskipulags íbúðarlóða í landi Ytri-Hólms I, Býla 1, 3 og 5, felur í sér gerð sjóvarnargarðs 60 m að lengd og lagningu 70 m langs og 4 m breiðs vegar að sjónvörn.

Breyting deiliskipulags hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 7. apríl 2015,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2015